




Þekkingarnet
Þingeyinga

SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ

á Norðurlandi
Verkefnisáætlun nóvember og
desember 2016



Október 2016

Október 2016

Þekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Öskudagur á Húsavík Mynd: Óli Halldórsson

Í Tungulendingu Mynd: Óli Halldórsson

Unglingalandsmót UMFÍ Mynd: Óþekktur

Þeistareykir Mynd: Hreinn Hjartarson

Ábyrgð/ritstjórn:

Óli Halldórsson

Framkvæmd:

Helena Eydís Ingólfssdóttir

Óli Halldórsson

Útgáfa 1.2. 2.nóvember 2016

EFNISYFIRLIT

1.	SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐURLANDI	4
2	VERKÞÆTTIR	5
2.1	FORSENDUR.....	5
2.2	STÝRIHÓPSFUNDIR.....	5
2.3	VÍÐAR	6
2.4	VEFSÍÐA.....	6
2.5	ÁFANGAR – STAÐA VERKÞÁTTA	7
2.6	ALMENN UMSÝSLA OG STJÓRNUN.....	7
3	TÍMAÁÆTLUN	9
4	UMFANG	10
4.1	FORSENDUR.....	10
5	SAMANTEKT	11

1. SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐURLANDI

Þann 31. ágúst síðastliðinn fól Landsvirkjun Þekkingarneti Þingeyinga sem farið hefur með verkefnisstjórn Sjálfbærniverkefnisins á Norðurlandi að útbúa annars vegar verkefnisáætlun vegna vinnu við Sjálfbærniverkefnið á Norðurlandi í nóvember og desember 2016 og reikna út kostnað vegna þess og hinsvegar að útbúa verkefnisáætlun vegna vinnu við verkefnið frá 1. janúar 2017-31. desember 2017.

Frá því að stýrihópur Sjálfbærniverkefnisins á Norðurlandi kom síðast saman hefur farið fram samráð við fagaðila á sviði umhverfis-, efnahags- og samfélagsmála ásamt samráði við almenning og hagsmunaaðila á áhrifasvæði verkefnisins. Unnið hefur verið úr þeim ábendingum og tillögum sem komu fram í samráðinu og er afrakstur þeirrar vinnu að finna í framvinduskýrslu frá því í júnímánuði.

Af þeim sem eiga aðild að verkefninu og hafa tilnefnt fulltrúa í stýrihóp þá hefur Landsvirkjun verið eini eigandi verkefnisins en frá upphafi hefur staðið til að fjölga eigendum. Unnið hefur verið að því á undanförnum misserum og hefur Landsvirkjun hafið viðræður við fulltrúa Landsnets og PCC um aðkomu að verkefninu og mótun samkomulags milli eigenda. Slíku samkomulagi er ætlað að formgera vettvang eigenda verkefnisins sem munu sjá um rekstur þess á vöktunartíma.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur farið með verkefnisstjórn Sjálfbærniverkefnisins á Norðurlandi og þann 31. ágúst fól Landsvirkjun Þekkingarneti Þingeyinga að útbúa annars vegar verkefnisáætlun vegna vinnu við sjálfbærniverkefnið í nóvember og desember 2016 og reikna út kostnað vegna þess og hinsvegar að útbúa verkefnisáætlun vegna vinnu við verkefnið frá 1. janúar 2017-31. desember 2017.

Næstu skref verkefnisins byggja á þeim gögnum sem eru fyrirliggjandi ásamt því að gert verði samkomulag milli núverandi og nýrra eigenda verkefnisins um rekstur þess.

Fyrirliggjandi gögn eru vísarnir eins og þeir hafa þróast í meðförum samráðs við fagaðila og við almenning að lokinni forvinnu stýrihóps verkefnisins. Vísarnir eru í dag 35 talsins og skiptast nokkuð jafnt á milli þriggja stoða sjálfbærni, samfélags, umhverfis og efnahags. Þróun vísanna er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að nýir eigendur verkefnisins fái tækifæri til að hafa áhrif á mótun þeirra vísa sem nú liggja fyrir, gera tillögur að nýjum vísum sem og tillögur að því að hafna vísum sem koma fram í núverandi tillögu. Þá er einnig gert ráð fyrir að stýrihópur taki afstöðu til vísanna við lok mótunarferils þeirra.

Hér á eftir birtist tillaga Þekkingarnetsins að verkefnisáætlun Sjálfbærniverkefnisins á Norðurlandi **1. nóvember-31. desember 2016** ásamt áætluðum kostnaði vegna verkefnisins á tímabilinu.

Í áætluninni eru eftirfarandi þættir:

- a. Verkefni
- b. Tímaáætlun
- c. Umfang og kostnaður
- d. Samantekt


2 VERKÞÆTTIR

2.1 FORSENDUR

Forsendur áframhaldandi vinni við Sjálfbærniverkefnið á Norðurlandi eru eftirfarandi:

- Núverandi tillaga að vísum Sjálfbærniverkefnisins.
- Fjölgun eigenda.

Gert er ráð fyrir því að í nóvember komi stýrihópur verkefnisins saman. Áður en stýrihópsfundur fer fram verður hugað að vísum verkefnisins og vefsíðu þess. Þá er gert ráð fyrir að gagna verið aflað vegna nokkurra vísa sem ljóst þykir að verði ekki breytt og muni verða mikilvægir þættir í verkefninu þegar fram líða stundir. Þar er til dæmis átt við vísa sem tilheyrir lýðfræði, tekjum, jafnrétti og vinnumarkaði. Í framhaldi af því verða gerð dæmi um framsetningu gagna vegna þeirra vísa. Áður hefur verið gengið út frá því að árið 2015 sé núll punktur verkefnisins svo gagnaöflun fyrir vísana sem verða notaðir til fyrirmyndar um framsetningu mun miðast við að afla upplýsinga frá þeim tíma. Jafnframt verði unnið að lokafrágangi við mótun vísis sem á við um jarðhitanytingu.



Mynd 1. Vinnuferill frá 1. nóvember 2016-31. desember 2017.

Í verkefnisáætlun fyrir nóvember og desember 2016 eru skilgreindir fimm verkþættir: Stýrihópsfundur, vísar, vefsíða verkefnis, áfangaskil og almenn umsýsla og stjórnun. Verkþættirnir eru nánar skilgreindir hér á eftir það er hvað þeir innihalda og hvernig er áformað að vinna að þeim.

2.2 STÝRIHÓPSFUNDIR

Stýrihópur sjálfbærniverkefnisins kom síðast saman í janúar 2016. Síðan þá hefur farið fram samráð við fagaðila, hagsmunaaðila og almenning. Þá hafa einnig orðið breytingar á stýrihópi með tilnefningum nýrra starfsmanna Landsvirkjunar og Landsnets og nýr sveitarstjóri hefur tekið til starfa í Skútustaðahreppi. Þá er einnig unnið að tilnefningu nýs fulltrúa fyrir aðila í ferðaþjónustu. Mikilvægt er að kalla stýrihópinn saman til að kynna fyrir honum stöðu verkefnisins varðandi eigendasamkomulag og tillögu að vísum verkefnisins að afloknu

samráðsferli. Stýrihópsfundur er áformaður í vikunni 14.-18. nóvember og mun fara fram að þeistareykjum.

Dagskrá stýrihópsfundar í nóvember er eftirfarandi:

- 10:00 – Kynning á nýjum meðlimum stýrihóps
- 10:10 – Sjálfbærniverkefnið á Norðurlandi - upphafsskref
- 10:25 – Fjölgun eigenda - Eigendasamkomulag - staða
- 10:45 – Staða verkefnis - Samráð og fyrirbyggjandi tillaga að vísun – Næstu skref
- 11:00 – Skoðunarferð um þeistareykjasvæðið
- 12:00 – Hádegisverður

Ekki er gert ráð fyrir að fundurinn verði vinnufundur heldur fyrst og fremst fundur til upplýsingar um það sem framhefur farið og hvað er framundan. Þó er gert ráð fyrir að stýrihópur taki ákvörðun um hvaða leið verður valin við að smíða vef verkefnisins.

2.3 VÍSAR

Fyrir liggur að tillaga að vísun verkefnisins mun þurfa samþykki stýrihóps en einnig munu nýir eigendur þurfa að fá tækifæri til að hafa áhrif á hana. Þar til unnt verður að taka ákvörðun um vísu verkefnisins verður unnið að því að ljúka við að þróa vísi sem snýr að nýtingu jarðhita í samráði við sérfræðinga Landsvirkjunar, það er markmið og mælieingu vísisins, afla gagna vegna vísu sem öruggt þykir að verði notaðir og þróa framsetningu gagna.

Gagnaöflun og þróun framsetningar gagna snýr að því að afla gagna vegna nokkurra vísu sem öruggt þykir að verði notaðir. Vegna þróunar á framsetningu gagna vísanna sem og undirbúnings vefsíðu er mikilvægt að sækja gögn vegna nokkurra vísu sem hægt verður að nota sem sýnidæmi um hvernig framsetningu gagna. Gagna verður aflað hjá opinberum aðilum líkt og Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun. Unnið verður úr þeim þannig að upplýsingar um skilgreint áhrifasvæði verkefnisins svokallað miðsvæði verði skýrt afmarkaðar og samanburðarhæfar við önnur svæði það er austur- og vestursvæði sem og landið allt.

Verkþætti telst lokið þegar þróun við vísi um nýtingu jarðhita er lokið og þegar sett hafa verið fram 4 dæmi um birtingu gagna vegna vísu.

2.4 VEFSÍÐA

Ákveða þarf hvaða leið verður farin varðandi vefsíðu verkefnisins svo hægt sé að vinna að uppsetningu hennar fyrstu mánuðum ársins 2017. Í framvinduskýrslu voru listaðir upp nokkrir kostir sem stýrihópur mun þurfa að taka afstöðu til nú í nóvember. Kostirnir eru eftirfarandi:

1. Sameiginlegur vefur Sjálfbærniverkefnanna á Norðurlandi og Austurlandi.
2. Sérstakur vefur með eigin heiti og léni þar sem notast verður við ókeypis hugbúnað.
3. Sérsmíðaður vefur með eigin heiti og léni (e.t.v. vefgrunnur í eigu Landsvirkjunar).

Fyrsti kosturinn útheimtir að óska þarf eftir og fá samþykki stýrihóps og eigenda Sjálfbærniverkefnisins á Austurlandi. Fáist samþykki fyrir því að hafa sameiginlegan vef fyrir verkefnin tvö þarf að breyta og uppfæra útlit vefsins svo skýrt sé hvað tilheyrir hvoru verkefni um sig og hvað er sameiginlegt. Helstu kostirnir við sameiginlegan vef eru meðal annars að verkefnin deili kostnaði við einn vef sem er ódýrara fyrir bæði verkefni og þær

grunnupplýsingar sem eru til staðar um sjálfbærni nýttast vegna beggja verkefnanna og þyrfti því ekki að vinna með sama hætti aftur vegna Norðurlandsverkefnisins.

Annar og þriðji kostur varðandi vef byggja á því að verkefnið hafi sitt eigið heiti og lén. Annar kosturinn byggir á því að notaður verði ókeypis hugbúnaður. Kostir þess eru helstir að kostnaður við hönnun og rekstur vefsins verður lægri en ókosturinn á móti að hugbúnaðurinn getur takmarkað möguleika á útlitshönnun og birtingu gagna.

Þriðji kosturinn að nota sérsmiðaðan grunn fyrir vefsíðuna hefur líklegast í för með sér mestan kostnað nema að notast verði við grunn sem þegar er til í eigu Landsvirkjunar. Helsti kostur þess að nota sérsmiðaðan grunn er að þá er hægt að hafa mikil áhrif á útlit og framsetningu efnis.

Tillaga þekkingarnetsins er að annað hvort fyrsti eða þriðji kosturinn verði valinn. Ástæður þess eru annars vegar varðandi fyrsta kostinn að þar er verið að notast við vefsíðugrunn sem þegar er í eigu Landsvirkjunar, hluti af efni vefsins má samnýta fyrir bæði verkefnið, vefsíðan yrði ódýrari í rekstri fyrir verkefnið þar sem tveir yrðu um að greiða kostnað við reksturinn og lénið er gott og lýsandi fyrir verkefnið. Hinsvegar hefur það þá kosti að velja þriðja valmöguleikann að verkefnið fær þá eigin vef, lén og heiti en einnig er hægt að draga úr kostnaði við vefsíðuna með því að nota grunn að vefsíðu sem þegar er til í eigu Landsvirkjunar.

Verkpætti telst lokið þegar ákvörðun hefur verið tekin um þá leið sem verður valin við gerð vefsíðu verkefnisins.

2.5 ÁFANGAR – STAÐA VERKPÁTTA

Við lok vinnunnar í desember verður gerð grein fyrir vinnu nóvember og desember mánuða með greinargerð þar sem staða verkpáttar verður tilgreind. Ef ástæða þykir til vegna stöðu verkpáttar eða ef forsendur hafa breyst frá því sem gert er ráð fyrir í verkefnisáætlun þessari og verkefnisáætlun vegna ársins 2017 mun greinargerðin jafnframt taka á því að endurskoða áætlun ársins 2017 með tilliti til breyttra aðstæðna.

Greinargerðin verður skilað rafrænt til fulltrúa Landsvirkjunar í stýrihópi og í kjölfar þess haldinn fundur til að fara yfir stöðuna og tilefni til að endurskoða áætlun ársins 2017 með tilliti til þess sem hefur unnist í nóvember og desember.

Verkpætti telst lokið þegar greinargerð hefur verið skilað og skilafundur verið haldinn með tengilið Landsvirkjunar.

2.6 ALMENN UMSÝSLA OG STJÓRNUN

Almenn umsýsla og stjórnun felur í sér utanumhald með verkefninu, að fylgja því eftir að áætlun standist, að hafa samskipti, samráð og samstarf við meðal annars stýrihóp, tengilið Landsvirkjunar og teymisvinnu meðal starfsmanna umsjónaraðila sem fer með verkefnisstjórn.

Gert er ráð fyrir reglubundnum samskiptum við tengilið Landsvirkjunar í gegnum tölvupóst, síma og mynd-/símafundum eftir þörfum. Þá er gert ráð fyrir mynd-/símafundum í tengslum við skil á greingargerð yfir stöðu verkefnisins fyrir lok árs. Teymi sem þegar hefur verið myndað mun hafa reglubundið samráð og samstarf sín á milli um framvindu og framgang verkefnisins.

3 TÍMAÁÆTLUN

Tímaáætlunin hér að neðan sýnir með hvaða hætti tíma verður varið í vinnu vegna verkefnisins og hvenær unnið er að hverjum verkþætti. Verkþættirnir og innihald þeirra ásamt því hvernig verður unnið að þeim hefur þegar verið líst hér að framan í köflum 2.2.1-2.2.5.

Tafla 1. Tímaáætlun vegna vinnu í nóvember og desember

	1.-4. nóv.	7.-11. nóv.	14.-18. nóv.	21.-25. nóv.	28.-2. des.	5.-9. des.	12.-16. des.	19.-23. des.
Stýrihópsfundur			10					
Vísar	19	12		19	19	19		
Vefsíða		10	10	5	5	10	10	
Almenn umsýsla og stjórnun	2	2	2	2	2	2	1	2
Áfangar: Staða verkþátta							12	
Aðkeypt þjónusta			*					
Tíma fjöldi	21	24	22	26	26	20	23	2

*Aðkeypt þjónusta verður í formi ferðakostnaðar vegna stýrihópsfundar.

4 UMFANG

4.1 FORSENDUR

Á meðan eigendasamkomulag liggur ekki fyrir mun meginþungi í vinnu við verkefnið fara í undirbúning vegna vefsíðu verkefnisins, þróun vísis sem snýr eingöngu að nýtingu jarðhita, undirbúningi að framsetningu þeirra vísa sem telja má öruggt að verði notaðir við vöktun breytinga á samfélagi, umhverfi og efnahag á miðsvæði sem er megin áhrifasvæði verkefnisins sem og fyrstu gagnaöflun vegna þeirra. Gert er ráð fyrir að þessi vinna fari fram á komandi vikum í nóvember og desember ásamt því að haldinn verði stýrihópsfundur og að lokinni vinnunni verði skrifuð greinargerð þar sem verkþáttum verða gerð skil.

ÁÆTLUN 2016			
Verkefnisvinna/umsjónaraðili	Nóv.	Des.	Samt.
Vísar			
Þróun	10	10	20
Gagnaöflun	15	15	30
Framsetning gagna	10	20	30
Vefsíða			0
Þróun	30	20	50
Almenn umsýsla og stjórnun			0
Samráð, samskipti	8	7	15
Stýrihópsfundir	10		10
Áfangar			0
Greinargerð vegna stöðu verkefnis		12	12
Samtals umsjónaraðili tímar/mán	83	84	167
Umsjónaraðili uppsafnað	83	167	
Aðkeypt þjónusta*	Áætlun	Áætlun	
5. Aðkeypt þjónusta			0
Ferðakostnaður-stýrihópur	15		15
			0
			0
			0
			0
Samtals aðkeypt í mánuði	15	0	15
Aðkeypt þjónusta uppsafnað	15	0	

5 SAMANTEKT

Við árslok er gert ráð fyrir að eftirfarandi verkþáttum sem komið hafa fram hér að framan í verkefnisáætluninni verði lokið:

- Ákvörðun um hvaða leið verður farin við smíði á vefsíðu verkefnisins.
 - Tillaga þekkingarnetsins er að notaður verði vefsíðukerfi sem þegar er til í eigu Landsvirkjunar.
 - Samþykki stýrihóps og eigenda þarf fyrir því hvaða leið verður valin.
 - Ákvörðunin hefur áhrif á kostnað við rekstur verkefnisins á árinu 2017.
- Þróun vísis sem snýr að nýtingu jarðhita.
 - Vísirinn snýr að virkjanastarfsemi og nýtingu jarðhita og því sem er ólokið er að ákvarða mælieiningu vísisins og markmið með notkun hans.
 - Verkinu verður lokið í samráði við sérfræðinga Landsvirkjunar.
- Gagnaöflun og framsetning gagna vegna vísa sem telja má öruggt að verði notaðir óbreyttir við vöktun í verkefninu.
 - Lýðfræði
 - Tekjur
 - Jafnrétti
 - Vinnumarkaður
 - Gögn vísanna verði sett fram með þeim hætti sem lýst var í framvinduskýrslu og framsetning þeirra notuð sem dæmi um framsetningu til kynningar fyrir stýrihóp á árinu 2017.
- Greinargerð
 - Verkefnisstjóri Sjálfbærniverkefnisins mun skila greinargerð um stöðu framangreindra verkþátta fyrir lok ársins 2016.
 - Greinargerðinni verði fylgt eftir með síma-/myndfundum í desember þar sem farið verður yfir stöðuna og metið hvort ástæða þykir til að endurskoða áætlun ársins 2017.